

Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals

Ár 2016, miðvikudaginn 20. janúar var haldinn 89. fundur hverfisráðs Grafarholts og Úlfarsárdals. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts og hófst hann kl. 16:25. Viðstaddir voru: Hermann Valsson og Berghildur Erla Berharðsdóttir. Einnig voru viðstaddur Kristinn Steinn Traustason, fulltrúi íbúasamtaka Úlfarsárdals, Þórir Jóhannsson, fulltrúi íbúasamtaka Grafarholts, Sigurður Ingi Jónsson, áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina. Sólveig Reynisdóttir, framkvæmdastjóri ÞÁG og Arna Hrönn Aradóttir verkefnastjóri.

Trausti Jónsson verkefnisstjóri ÞÁG ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Samgöngumál í hverfinu.
Stefán Agnar Finnsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
Umferðarþungi og lausnir í umferðamálum ræddar.
- Kl. 16:56 tekur Gunnar Kristinsson tekur sæti á fundinum.

Bókun hverfisráðs:

Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals krefst þess að þegar verði hafin vinna við að greiða umferð við gatnamótin við Þúsöld og að kannaðir verði frekari möguleikar á aðkomu frá vesturlandsvegi inn á Reynisvatnsveg og annarrar útkeyrslu frá verslunarkjarnanum við Gullhamra. Mikil umferð er um ofangreind gatnamót og myndast miklar teppur á álagstímum. Á síðasta ári var búin til aukarein á Gagnvegi en sú breyting sneri að umferðaröryggi. Umferð jókst mikið um gatnamótin er lágvöruslunin Krónan hóf starfsemi sína. Gatnamótin voru að öllum líkindum ekki hönnuð með þann umferðarþunga í huga og er það því tímabært að skoða frekari möguleika til að umferð gangi greiðar fyrir sig.

2. Merkingar á gönguleiðum.

Bókun hverfisráðs:

Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals óskar eftir því að hafin verði vinna við að merkja gönguleiðir bæði upp Úlfarsfell og á heiðum austur og suður af byggðinni við Grafarholt. Ganga og önnur útvist á ofangreindum leiðum er mjög vinsæl en merkingar eru engar hvorki er varðar erfiðleikagráðu leiðana eða um áhugaverðastaði á þessum leiðum. Því telur ráðið að úr þessu verði að bæta og óskar eftir að málið sem tekið upp hjá Umhverfis- og skipulagsráði.

Bókun hverfisráðs:

Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals fer fram á að öryggi barna í Úlfarsárdal verði tryggt með því að gönguleiðir innan hverfis verði kláraðar.

Fundi slitið kl. 17:21

Hermann Valsson

Berghildur Erla Berharðsdóttir

Gunnar Kristinsson